



Þvagblöðruspeglun

Aðgerðin er gerð til að kanna ástand þvagblöðru, með því að fara með speglunartæki upp þvagrás, inn í þvagblöðru og stundum áfram upp í þvagleiðara. Einnig er blöðruhálskirtillinn skoðaður hjá karlmönnum. Aðgerðin er yfirleitt gerð í svæfingu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Hætta þarf töku blóðþynningalyfja annarra en magnýl/hjartamagnýl og er það gert í samráði við lækna þvagfæraskurðeildar.


Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Gera þarf ráð fyrir að **fá fylgd heim**, því ekki má aka bíl fyrir en daginn eftir svæfingu eða deyfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelum ef þörf er á.



Skull_091103/SPSS/0012

Aðgerðardagur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Fara þarf í **sturtu** heima að morgni aðgerðardags, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Karlmennt þurfa að þvo vandlega undir forhúð. Ekki má nota húðkrem, ilmefni eða andlitsfarða eftir sturtuna.

Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa á með öll lyf sem tekin eru daglega.

Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður á skurðstofu geta valdið því að aðgerðartími breytist. Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknun og síðan aftur á dagdeild 13D. Útskrift er áætluð 2-4 klst. eftir aðgerð.

<p>Eftir aðgerð:</p> <ul style="list-style-type: none"> • verkjalyf gefin eftir þörfum. • létt máltíð fyrir heimferð. • þvaglosun nauðsynleg fyrir útskrift. 	<p>Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskriftarfræðslu. • lyfseðil fyrir sýklalyfjum og verkjalyfjum ef með þarf • endurkomutíma á göngudeild þvagfæra 11A til þvagleggstöku ef útskrifast heim með þvaglegg. • endurkomutíma hjá sérfræðingi.
--	--

Útskrift

Verkir

Taka má verkjalyf samkvæmt ráðleggingum sem hægt er að kaupa án lyfseðils í apóteki.

Þvaglát

Ef settur hefur verið þvagleggur í aðgerðinni er hann fjarlægður samdægurs eða síðar. Þvagleggur getur valdið krömpum í þvagblöðru sem væg verkjalyf geta slegið á. Mælt er með að drekka vel þann dag sem speglunin fer fram, a.m.k. 2 lítra af vökva. Ef tekið hefur verið sýni má búast við að þvag verði blóðlitað fyrst á eftir. Einnig getur verið sárt að losna við þvag til að byrja með en það jafnar sig fljótt.

Vinna

Æskilegt er að taka frí frá vinnu í 1 – 3 daga eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og líðan.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Reikningur er sendur heim eftir útskrift. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingu á gjaldskrá Landspítala.

Hafa skal samband við dagdeild 13D ef:

- verkir minnka ekki við verkjalyf
- þvaglát ganga illa
- þvag er mjög blóðlitað

Dagdeild 13D er opin virka daga frá klukkan 7 til 19, sími: 543 7480.

Után þess tíma má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á skurðlækningasviði á Hringbraut.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
FEBRÚAR 2014
SKURÐ-348

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR
ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI 13D

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC